

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna athafnasvæðis í landi Stóru-Brekku.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. október 2025 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 sem samþykkt var í sveitarstjórn 12. febrúar 2025.

Í breytingunni felst að skilgreint er 3 ha athafnasvæði AT2 á Stóru-Brekku en landbúnaðarsvæði L2 minnkar sem því nemur. Fyrir er á svæðinu stuðningsþjónusta við ferðaþjónustustarfsemi sem er þegar nýtt undir mannvirki, s.s. geymslur og verkstæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 9. október 2025.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 23. október 2025